



FRÉTTABRÉF UNGLINGARÁÐS



Kæru foreldrar/forráðamenn

Október 2012

Starfið hafið

Nú er hafið nýtt æfingatímabil hjá handknattleiksdeild KA. Æfingar hjá elstu flokkunum hófust óvenju snemma eða um 20.júlí en hjá þeim yngri í byrjun september og er áhugi iðkenda mikill og góð mæting á æfingar. Flestar æfingar fara fram í KA heimilinu en nokkrar í Íþróttahöllinni og stelpurnar í KA/Pór fá nokkrar æfingar í Íþróttahúsi Síðuskóla. Í flestum flokkum hafa verið haldnir foreldrafundir og viljum við benda foreldrum á að hika ekki að hafa samband við þjálfara eða unglingaráðið ef þeir hafa einhverjar spurningar eða athugasemdir um starfið. Eins er hægt að hafa samband við Sævar Árnason yfirþjálfara. Við sem sitjum í Unglingaráðinu höfum sum verið ansi lengi og nú óskum við eftir nýjum foreldrum í ráðið, um að gera að fá inn nýtt fólk með nýjar og ferskar hugmyndir. Ef einhverjir hafa áhuga á að starfa með okkur þá endilega að hafa samband við formanninn Jón Árelíus, við tökum vel á móti nýju fólk.

Í kvennaflokkunum erum við í samstarfi við Pór og gengur það samstarf mjög vel. 5-8 flokkur æfa bæði í KA heimilinu og Síðuskóla, en ekki var hægt að koma fyrir æfingum hjá 4.flokki kvenna í Síðuskóla vegna þess hve húsið er þéttsetið. Með þessu teljum við okkur vera að koma á móts við stelpurnar í Þorpinu og vonum að þetta auðveldi þeim að mæta á æfingar. Að sjálfsgöðu viljum við að stelpurnar úr Þorpinu mæti líka í KA heimilið og þær sem búa sunnan við á, mæti á æfingar í Síðuskóla. Í sumar fengum við úthlutaðan styrk frá Norðurorku til kaupa á keppnistreyjum fyrir kvennalið KA/Pórs. Hingað til hafa stelpurnar verið að keppa í gulum treyjum eingöngu með KA merkinu. En núna hafa þær fengið dökkbláa búninga merka með merkjum bæði KA og Pórs. Við þökkum Norðurorku kærlega fyrir góðan styrk.

Þá fórum við líka í að endurnýja keppnisbúninga fyrir strákaflokkana, en þeirra treyjur voru orðnar ansi gamlar og slitnar. Strákarnir keppa í hefðbundnum KA búningi, gulum og bláum.

Á síðasta keppnistímabili fengum við höfðinglegan styrk frá Samherja og þökkum enn og aftur fyrir það. Styrkurinn var nýttur þannig að á tímabilinu jan-maí greiddum við allar keppnisferðir fyrir iðkendur að fullu. Þar sem yngstu krakkarnir fóru ekki í neinar keppnisferðir fá þeir lækkun á æfingagjöldum um 5.000 kr. á komandi tímabili. Með þessu móti teljum við að allir árgangar hafi notið góðs af Samherjastyrknum.

Í 3.og 4.flokki eru sérstakar styrktaræfingar einu sinni í viku. Um þær sér Stefán Birgir Birgisson, einkaðjálfari og hvetjum við krakka í þessum flokkum að vera dugleg að mæta á þessar æfingar. Þá mun Jovan markvörður Akureyri Handboltafélags sá um markmannspjálfun í vetur. Bæði verður hann með sérstakar æfingar fyrir eldri krakkana og kemur inn á æfingar hjá öllum flokkum þar sem hann leiðbeinir og kennir framtíðar markmönnum.

Helstu upplýsingar um starf vetrarins er að finna á heimasíðu Handknattleiksdeildar.

<http://www.ka-sport.is/handbolti>

Keppnisferðir

Unglingaráð hefur samið við SBA um akstur í keppnisferðum í vetur eins og undanfarin ár. Samstarfið við þá hefur verið sérlega gott og mikilvægt að hafa öryggi barnanna að leiðarljósi í keppnisferðunum. Vegna tilkomu ferðajöfnunarsjóðs ÍSÍ getum við niðurgreitt hvert sæti um 2.800-kr og því verður fargjaldið 4.000 kr. í vetur. Þau lið sem þurfa að fara aukaferðir næsta vor vegna úrslitakeppni þurfa ekki að greiða fyrir þær keppnisferðir vegna áður nefnds ferðajöfnunarsjóðs ÍSÍ. 6. flokkur yngra ár fær mót hér heima helgina 12-14 okt. og 5. flokkur yngra ár fær mót heima í vor. Önnur mót sem þjálfarar ákveða að fara á þurfum við að sækja suður og er hægt að sjá tímasetningar á þeim á heimasíðu HSÍ <http://www.hsi.is/Motamal>

Við viljum benda foreldrum á að vera í sambandi við þjálfara ef þeir gefa kost á sér að fara með sem fararstjórar eða hjálpa til við undirbúning keppnisferða

Samvinna

Eins og síðustu ár gildir reglan að krakkar sem æfa hjá fleiri en einni deild félagsins fá 10% afslátt af æfingagjöldunum. Einnig telja deildirnar sjálfsgagt að krakkar æfi fleiri en eina grein og því geti þau sleppt úr æfingum hjá einni deild til að komast á æfingu í annarri grein. Þá greiða þau æfingagjald fyrir það hlutfall af æfingum sem þau ætla að stunda og fá afsláttinn. Auðvitað hefur það ekki áhrif á framgang þeirra í greinunum og val í keppnislið þó að ekki sé mætt á allar æfingar viðkomandi deildar vegna þessa. Eins er í gildi regla um 10% systkinaafslátt milli deilda.

Innheimta æfingagjalda

Innheimta æfingagjalda verður með sama sniði og síðastliðin ár. Laugardaginn 29/9 var fjölskyldudagur í KA heimilinu, þá var tekið á móti gjöldunum og þökkum við frábæra mætingu. Fyrir þá sem ekki komust þennan dag er bent á að gjaldkeri verður í KA heimilinu á þriðjudögum milli kl. 17-18. Eins er hægt að hafa samband við gjaldkera í tölvupósti og ganga frá gjöldunum. Hægt er að skipta greiðslum á greiðslukort, frá kröfu í heimabanka eða millifæra.

Ef menn vilja millifæra þá er bankanúmerið 0162-05-63299 kt. 450902-2680 og þá þarf að muna að setja kennitölu iðkandans í skýringu. Senda kvittun á sigga@framtal.com

Þá viljum við minna á ávísunina frá Akureyrarbæ fyrir yngstu iðkendurna.

Athugið að við höfum ekki aðstöðu til að taka við debet kortum og biðjum við því fólk sem ætla að greiða með peningum að vera búið að taka út á kortið áður en komið er í KA-heimilið. Þá viljum við minna á ávísunina frá Akureyrarbæ fyrir yngstu iðkendurna.

Ef einhverjir sjá sér ekki fært að greiða æfingagjöldin vegna tímabundina erfiðleika, þá viljum við endilega að viðkomandi hafi samband og ræði við okkur, farið verður með allt slíkt sem trúnaðarmál. Það á enginn að þurfa að hætta að æfa vegna þessa.

Eftirtalda daga tökum við á móti æfingagjöldum í KA heimilinu.

Alla þriðjudaga í KA heimilinu 17:00-18:00

Æfingagjöld verða sem hér segir: Tímabilið október 2012-maí 2013

Árgangar 1998-1995	kr. 42.000
Árgangur 2000-1999	kr. 40.000
Árgangur 2002-2001	kr. 34.000
Árgangur 2004-2003	kr. 27.000 niðurgr.v/Samherjastyrks
Árgangar 2006-2005	kr. 22.000 niðurgr.v/Samherjastyrks

Vinsamlega hafið samband við Sigríði gjaldkera í síma 892-2612 eða sigga@framtal.com ef þið hafið einhverjar spurningar vegna æfingagjalda.

Systkinaafsláttur

Greitt er fullt verð fyrir elsta barn, fyrir það næsta er greitt 60% gjald, 40% greitt fyrir þriðja barn og 20% fyrir fleiri. Allar deildir hafa ákveðið að nota þessa reglu í systkinaafslætti.

Hvað fylgir afgreiddum æfingagjöldum?

Í ár fá allir iðkendur íþróttatösku þegar búið er að gera grein fyrir æfingagjöldunum. Eins fá iðkendur frímiða á leiki Akureyri Handboltafélags í N1 deildinni.

Bestu kveðjur - Unglingaráð Handknattleiksdeildar KA

Jón Árelíus Þorvaldsson	Formaður	jonat@brimborg.is	862 0499
Sigurður Baldursson	Varaformaður	austurbyggd@simnet.is	861 4043
Sigríður Jóhannsdóttir	Gjaldkeri	sigga@framtal.com	892 2612
Sigurður Tryggvason	Meðstjórnandi	siggi@frost.is	894 4725
Hannes Pétursson	Meðstjórnandi	hannes@fjolsmidjan.com	892 0035
Halldór Karlsson	Meðstjórnandi	halldor@forever.is	858 7849
Heimir Haraldsson	Meðstjórnandi	heimir@simey.is	699 3696
Sævar Árnason	Yfirþjálfari	saevara@akmennt.is	694 5518